

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 1970/2002

frá 4. nóvember 2002

um breytingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 3051/95 um öryggisstjórnun á ekjufarþegaferjum

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

1. gr.

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 3051/95 frá 8. desember 1995 um öryggisstjórnun á ekjufarþegaferjum ⁽¹⁾, eins og henni var breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 179/98 ⁽²⁾, einkum 9. gr.,

Reglugerð (EB) nr. 3051/95 er breytt sem hér segir:

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 3051/95 er kveðið á um að félögum og aðildarríkjum beri að fylgja ákvæðum alþjóðlegs kóða um öryggisstjórnun skipa sem Alþjóðasiglingamálastofnunin (IMO) samþykkti með ályktun þingsins A.741(18) frá 4. nóvember 1993 með tilliti til ekjuferja sem eru í siglingum til eða frá höfnum aðildarríkja Bandalagsins.
- 2) Í því skyni að tryggja samræmda framkvæmd ISM-kóðans eru í reglugerð (EB) nr. 3051/95 ákvæði fyrir stjórnvöld sem byggjast á viðmiðunarreglum fyrir stjórnvöld um beitingu alþjóðlega kóðans um öryggisstjórnun skipa (ISM-kóðans) sem Alþjóðasiglingamálastofnunin samþykkti 23. nóvember 1995 með ályktun þingsins A.788 (19).
- 3) Alþjóðasiglingamálastofnunin (IMO) hefur breytt þessum IMO-ályktunum með ályktun siglingaöryggisnefndar Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar, MSC.104 (73), sem samþykkt var 5. desember 2000 og með ályktun A.913 (22) sem samþykkt var 29. nóvember 2001.
- 4) Nauðsynlegt er að setja nákvæmar reglur um vottun og sannprófun og taka þannig tillit til þróunar á alþjóðavettvangi.
- 5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í reglugerð þessari, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem kveðið er á um í 12. gr. tilskipunar ráðsins 93/75 /EEB ⁽³⁾ eins og henni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 98/74/EB ⁽⁴⁾.

1. Eftirfarandi komi í stað e-liðar 2. gr.:

„e) „ISM-kóðinn“: alþjóðlegur kóði um öryggisstjórnun skipa og mengunarvarnir, sem Alþjóðasiglingamálastofnunin samþykkti með ályktun þingsins A.741(18) frá 4. nóvember 1993 eins og henni hefur verið breytt með ályktun MSC.104 (73) frá 5. desember 2000 og sem fylgir með í viðauka við þessa reglugerð.“

2. Eftirfarandi komi í stað h-liðar 2. gr.:

„h) „öryggisstjórnunarskirteini“: skirteini sem er gefið út fyrir ekjuferjur í samræmi við lið 13.7 í ISM-kóðanum.“

3. Í stað 1. mgr. 4. gr. komi eftirfarandi:

„1. Öll félög skulu fara að ákvæðum liða 1.2 til 13.1 og liðar 13.6 í ISM-kóðanum eins og um lögboðin ákvæði væri að ræða en það er skilyrði fyrir því að skip þeirra fái að sigla í föstum áætlunarferðum til eða frá höfn aðildarríkis Bandalagsins.“

4. Í stað 1. mgr. 5. gr. komi eftirfarandi:

„1. Aðildarríkin skulu, að því er varðar félög og ekjuferjur, fara að ákvæðum liða 13.2, 13.3, 13.4, 13.5, 13.7–13.11, 14 og 16 í ISM-kóðanum eins og um lögboðin ákvæði væri að ræða.“

5. Viðaukinn við þessa reglugerð komi í stað viðaukans.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 320, 30.12.1995, bls. 14.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 19, 24.1.1998, bls. 35.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 247, 5.10.1993, bls. 19.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 276, 13.10.1998, bls. 7.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.
Gjört í Brussel 4. nóvember 2002.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,
Loyola DE PALACIO
varaforseti

VIDAUKI

„VIDAUKI

EFNISYFIRLIT

I. BÁLKUR

Alþjóðlegur kóði um öryggisstjórnun skipa og mengunarvarnir (Alþjóðlegur kóði um öryggisstjórnun skipa)

A-HLUTI – FRAMKVÆMD

1. Almenn atriði	6
1.1. Skilgreiningar	6
1.2. Markmið	6
1.3. Beiting	7
1.4. Hagnýtar kröfur um öryggisstjórnunarkerfi	7
2. Stefna í öryggis- og umhverfisvermdunarmálum	7
3. Ábyrgð og valdsvið félags	7
4. Tilnefndur einstaklingur/einstaklingar	7
5. Ábyrgð og valdsvið skipstjóra	7
6. Hjálpargögn og starfsmenn	8
7. Áætlanir vegna aðgerða um borð	8
8. Neyðarviðbúnaður	8
9. Skýrslur og greining á frávikum, slysum og hættu	8
10. Viðhald skipa og búnaðar	8
11. Skjalahald	9
12. Sannprófun, endurskoðun og mat félags	9

B-HLUTI — VOTTUN, SANNPÓFUND

13. Vottun og reglubundin sannprófun	9
14. Bráðabirgðavottun	10
15. Sannprófun	11
16. Eyðublað fyrir skirteini	11

Viðbætur

II. BÁLKUR

Ákvæði fyrir stjórnvöld um framkvæmd alþjóðlega kóðans um öryggisstjórnun skipa (ISM)

A-HLUTI — ALMENN ÁKVÆÐI

B-HLUTI — VOTTUN OG STAÐLAR

1. Samþykki og viðurkenning bráðabirgðasamræmingarskjals og bráðabirgðaöryggisstjórnunarskirteinis	19
2. Vottunaraðferð	19
3. Stjórnunarkröfur	19
4. Hæfniskröfur	20
5. Fyrirmyndir að samræmingarskjölum og öryggisstjórnunarskirteinum	20

I. BÁLKUR

Alþjóðlegur kóði um öryggisstjórnun skipa og mengunarvarnir (Alþjóðlegur kóði um öryggisstjórnun skipa)

A-HLUTI — FRAMKVÆMD

1. Almenn

1.1. Skilgreiningar

Eftirfarandi skilgreiningar gilda um A- og B-hluta þessa kóða.

- 1.1.1. „Alþjóðlegur kóði um öryggisstjórnun skipa (ISM-kóðinn)“: alþjóðlegur kóði um öryggisstjórnun skipa og mengunarvarnir eins og þingið samþykkti hann og stofnuninni er heimilt að breyta.
- 1.1.2. „Félag“: eigandi skips eða hver sú stofnun eða einstaklingur, t.d. framkvæmdastjóri eða skipamiðlari þurrleiguskipa (skipa án áhafna), er hefur tekið á sig ábyrgð á rekstri skipsins fyrir hönd eiganda skipsins og hefur með því að takast þessa ábyrgð á hendur gengist við öllum skyldum og þeirri ábyrgð sem í kóðanum felst.
- 1.1.3. „Stjórnvald“: ríkisstjórn ríkis sem skip hefur rétt til að sigla undir fána hjá.
- 1.1.4. „Öryggisstjórnunarkerfi“: skipulagt og skjalfest kerfi sem gerir starfsmönnum félags kleift að framkvæma stefnu félagsins í öryggis- og umhverfisverndunarmálum með skilvirkum hætti.
- 1.1.5. „Samræmingarskjal“: skjal sem er gefið út fyrir félag sem fer að kröfum þessa kóða.
- 1.1.6. „Öryggisstjórnunarskírteini“: skjal sem er gefið út fyrir skip og gefur til kynna að félagið og skipstjórn þess starfi í samræmi við viðurkennda öryggisstjórnunarkerfið.
- 1.1.7. „Hlutlæg sönnunargögn“: meginlegar eða eigindlegar upplýsingar, skýrslur eða yfirlýsingar, byggðar á staðreyndum, sem lúta að öryggi eða tilvist og framkvæmd grunnþáttar öryggisstjórnunarkerfis, byggðar á athugasemdum, mælingum eða prófunum og sem unnt er að færa sönnur á.
- 1.1.8. „Athugasemd“: yfirlýsing, byggð á staðreyndum, gefin meðan á úttekt á öryggisstjórnun stendur og studd hlutlægum sönnunargögnum.
- 1.1.9. „Frávik“: aðstæður sem hafa verið kannaðar og þar sem hlutlæg sönnunargögn benda til þess að sértilgreind krafa hafi ekki verið uppfyllt.
- 1.1.10. „Gróft frávik“: greinilegt frávik sem er alvarleg ógnun við öryggi áhafnar og skips eða skapar alvarlega umhverfishættu og ber að leiðrétta án tafar, þ.m.t. sú staða að krafa samkvæmt þessum kóða hafi ekki verið uppfyllt með skilvirkum og kerfisbundnum hætti.
- 1.1.11. „Árleg dagssetning“: sá mánaðardagur ár hvert sem svarar til þess dags þegar viðeigandi skjal eða skírteini fellur úr gildi.
- 1.1.12. „Samningur“: alþjóðasamningur um öryggi mannlífa á hafinu frá 1974, með áorðnum breytingum.
- 1.2. Markmið
 - 1.2.1. Markmiðið með kóðanum er að tryggja öryggi á sjó, koma í veg fyrir slys eða mannlát og forðast mengun umhverfisins, einkum sjávar, og skemmdir á eignum.
 - 1.2.2. Í markmiðum félags varðandi öryggisstjórn ætti m.a.:
 - 1.2.2.1. að tryggja öruggar vinnureglur um rekstur skips og öruggt vinnuumhverfi,
 - 1.2.2.2. að taka upp öryggisráðstafanir gagnvart þekktum hættum, og
 - 1.2.2.3. bæta stöðugt öryggisstjórnunarahæfni starfsfólks í landi og um borð í skipum, einnig við neyðaraðstæður, bæði að því er varðar öryggi og verndun umhverfisins.

- 1.2.3. Öryggisstjórnunarkerfi ætti að tryggja:
 - 1.2.3.1. að farið sé að lögboðnum reglum og reglugerðum, og
 - 1.2.3.2. að tekið sé tillit til þeirra kóða, viðmiðunarreglna og staðla sem stofnunin, stjórnvöld, flokkunarfélög og siglingastofnanir mæla með.
- 1.3. **Beiting**

Kröfur þessa kóða geta átt við öll skip.
- 1.4. **Hagnýtar kröfur um öryggisstjórnunarkerfi (SMS)**

Hvert félag ætti að þróa, framkvæma og viðhalda öryggisstjórnunarkerfi (SMS) sem felur í sér eftirtalдар, hagnýtar kröfur varðandi:

 - 1.4.1. stefnu í öryggis- og umhverfisverndunarmálum,
 - 1.4.2. leiðbeiningar og aðferðir til að tryggja öryggi við rekstur skipa og verndun umhverfisins í samræmi við viðeigandi alþjóðlega löggjöf og löggjöf fánaríkis,
 - 1.4.3. skilgreiningu virðingarraðar og samskiptaleiða milli og á meðal starfsfólks í landi og um borð,
 - 1.4.4. vinnureglur um tilkynningu slysa og frávika frá ákvæðum þessa kóða,
 - 1.4.5. vinnureglur um undirbúning fyrir og viðbrögð við neyðaraðstæðum, og
 - 1.4.6. vinnureglur um innri endurskoðun og endurskoðun stjórnunar.
2. **Stefna í öryggis- og umhverfisverndunarmálum**
 - 2.1. Félaginu ber að setja fram stefnu í öryggis- og umhverfisverndunarmálum er lýsir því hvernig ná á markmiðum liðar 1.2.
 - 2.2. Félaginu ber að tryggja að stefnunni sé fylgt eftir og henni við haldið á öllum skipulagsstigum bæði um borð og í landi.
3. **Ábyrgð og valdsvið félags**
 - 3.1. Ef sá sem ber ábyrgð á rekstri skips er annar en eigandi skal eigandi tilkynna stjórnvöldum um fullt nafn og aðrar upplýsingar er varða þann aðila.
 - 3.2. Félaginu ber að skilgreina og skjalfesta hver ber ábyrgð, er í forsvari og hver eru innbyrðis tengsl þeirra starfsmanna er stýra, framkvæma og hafa eftirlit með því starfi er lýtur að framkvæmd öryggismála og mengunarvarna.
 - 3.3. Félagið ber ábyrgð á að nægileg hjálpargögn og stuðningur berist frá landi er geri tilnefndum einstaklingi eða einstaklingum kleift að sinna störfum sínum.
4. **Tilnefndur einstaklingur eða einstaklingar**

Til að tryggja öryggisstjórnun um borð í skipi og koma á tengslum milli félags og áhafnar ber hverju félagi, eftir því sem við á, að tilnefna einstakling eða einstaklinga í landi sem hafa beinan aðgang að æðstu stjórn. Ábyrgð og valdsvið tilnefnds einstaklings eða einstaklinga skal felað í því að hafa eftirlit með þáttum er lúta að öryggi og mengunarvörnum um borð í skipinu og skal hann eða þeir sjá til þess að nægileg hjálpargögn og stuðningur berist frá landi eftir því sem þörf er á.
5. **Ábyrgð og valdsvið skipstjóra**
 - 5.1. Félaginu ber að skilgreina skilmerkilega og skjalfesta á hvern hátt skipstjóra ber:
 - 5.1.1. að framkvæma stefnu félagsins í öryggis- og umhverfisverndunarmálum,
 - 5.1.2. að hvetja áhöfn til að framfylgja stefnunni,
 - 5.1.3. að gefa viðeigandi skipanir og leiðbeiningar á skýran og einfaldan hátt,
 - 5.1.4. að sannreyna að tilgreindum kröfum hafi verið framfylgt, og
 - 5.1.5. að endurskoða öryggisstjórnunarkerfið og gefa skýrslu um galla á því til stjórnar í landi.

- 5.2. Félaginu ber að tryggja að öryggisstjórnunarkerfið um borð feli í sér skýr fyrirmæli um valdsvið skipstjóra. Félaginu ber að taka það fram í öryggisstjórnunarkerfinu að skipstjórinn hafi endanlegt vald og beri endanlega ábyrgð á ákvörðunum er lúta að öryggi og mengunarvörnum og á því að leita aðstoðar félagsins ef þörf krefur.
6. **Hjálpargögn og starfsmenn**
- 6.1. Félaginu ber að tryggja að skipstjórinn:
- 6.1.1. hafi tilskilda menntun og hæfi til að stýra skipi,
- 6.1.2. sé vel kunnugt um öryggisstjórnunarkerfi félagsins, og
- 6.1.3. fái nauðsynlegan stuðning til að gegna skyldum sínum vel og örugglega.
- 6.2. Félaginu ber að sjá til þess að áhöfn hafi viðeigandi menntun og skírteini og sé heilbrigð í samræmi við innlendar og alþjóðlegar kröfur.
- 6.3. Félaginu ber að ákveða vinnureglur til að tryggja að nýir starfsmenn og starfsmenn er flytjast til nýrra verkefna er varða öryggi og umhverfisvernd fái viðhlítandi leiðbeiningar um skyldustörf sín.
- Nauðsynlegar leiðbeiningar, sem gefa á fyrir brottför, skal skilgreina og skjalfesta.
- 6.4. Félaginu ber að sjá til þess að þeir starfsmenn, sem taka þátt í öryggisstjórnunarkerfi félagsins, skilji nægilega vel viðeigandi reglur, reglugerðir, kóða og viðmiðunarreglur.
- 6.5. Félaginu ber að taka upp og fylgja aðferðum er gera því kleift að hafa vakandi auga með því hvers konar fræðslu er þörf til að styrkja öryggisstjórnunarkerfið og tryggja að viðkomandi starfsmenn fái slíka fræðslu.
- 6.6. Félaginu ber að setja vinnureglur er tryggja að áhöfn skips fái viðeigandi upplýsingar um öryggisstjórnunarkerfið á vinnutungumáli eða þeim tungumálum sem hún skilur.
- 6.7. Félaginu ber að sjá til þess að áhöfn skips sé fær um að koma viðeigandi skilaboðum á framfæri við störf sín er tengjast öryggisstjórnunarkerfinu.
7. **Áætlanir vegna aðgerða um borð**
- Félaginu ber að setja vinnureglur um undirbúning áætlaða og leiðbeininga, þ.m.t. gátlistar eins og við á, fyrir helstu aðgerðir um borð í skipi er varða öryggi skips og mengunarvarnir. Skilgreina ætti verkefni og fela þau hæfum starfsmönnum.
8. **Neyðarviðbúnaður**
- 8.1. Félaginu ber að ákveða aðferðir við að greina, lýsa og bregðast við hugsanlegum neyðaraðstæðum um borð.
- 8.2. Félaginu ber að leggja fram æfingar- og þjálfunaráætlanir til viðbúnaðar vegna neyðaraðgerða.
- 8.3. Með öryggisstjórnunarkerfinu skal tryggja að félagið geti brugðist við þegar hætta, slys eða neyðaraðstæður skapast um borð í skipum þess.
9. **Skýrslur og greining á frávikum, slysum og hættu**
- 9.1. Í öryggisstjórnunarkerfinu skal gert ráð fyrir að tilkynnt sé til félagsins um frávik, slys og hættu og skulu þau rannsökuð og greind með það að markmiði að bæta öryggi og mengunarvarnir.
- 9.2. Félaginu ber að setja vinnureglur um framkvæmd úrbóta.
10. **Viðhald skips og búnaðar**
- 10.1. Félaginu ber að ákveða vinnuaðferðir er tryggja að skipinu sé viðhaldið í samræmi við ákvæði viðeigandi reglna og reglugerða og í samræmi við viðbótarkröfur sem félagið kann að hafa gert.
- 10.2. Þegar kröfunum hefur verið fullnægt skal félagið sjá til þess að:
- 10.2.1. eftirlit fari fram með hæfilegum hléum,
- 10.2.2. tilkynnt sé um frávik og hugsanlega ástæðu þeirra ef hún er kunn,

- 10.2.3. gerðar séu viðeigandi ráðstafanir til að bæta úr ástandinu, og
- 10.2.4. haldin sé skrá um slíkar aðgerðir.
- 10.3. Félaginu ber að innleiða aðferðir í öryggisstjórnunarkerfið til að greina fyrirvaralausar bilanir á búnaði og tækni kerfi sem gætu valdið hættu. Í öryggisstjórnunarkerfinu ber að gera ráð fyrir sérstökum ráðstöfunum er miða að því að auka áreiðanleika slíks búnaðar eða tækni kerfa. Ráðstafanirnar skulu fela í sér reglubundnar prófanir á því fyrirkomulagi og búnaði eða tækni kerfum sem eru ekki í stöðugri notkun en eru til reiðu.
- 10.4. Eftirlit, sem getið er í lið 10.2, svo og ráðstafanir sem um getur í lið 10.3, skulu vera liður í fyrirkomulagi viðhaldsmála um borð í skipinu.
11. **Skjalahald**
- 11.1. Félaginu ber að innleiða og viðhalda aðferðum við eftirlit með öllum skjölum og gögnum er tengjast öryggisstjórnunarkerfinu.
- 11.2. Félaginu ber að sjá til þess að:
- 11.2.1. gild skjöl séu aðgengileg á viðeigandi stöðum,
- 11.2.2. breytingar á skjölum séu endurskoðaðar og viðurkenndar af þeim starfsmönnum sem til þess hafa heimild, og
- 11.2.3. úrelt skjöl séu fjarlægð.
- 11.3. Vísa má til skjala, sem eru notuð til að lýsa öryggisstjórnunarkerfinu og hvernig það vinnur, sem „handbókar um öryggisstjórnun“. Geyma skal gögnin á því formi sem félagið telur heppilegast. Í hverju skipi skulu vera þau gögn er varða skipið.
12. **Sannprófun, endurskoðun og mat félags**
- 12.1. Félaginu ber að endurskoða innra öryggi til að ganga úr skugga um að öryggis- og mengunarvarnarmál séu í samræmi við öryggisstjórnunarkerfið.
- 12.2. Félaginu ber að meta árangur og endurskoða öryggisstjórnunarkerfið með jöfnum hléum, ef þörf krefur, í samræmi við þær vinnureglur sem félagið hefur ákveðið.
- 12.3. Endurskoðun og hugsanlegar úrbætur ber að framkvæma í samræmi við skjalfestar vinnureglur.
- 12.4. Starfsmenn, er sjá um endurskoðun, skulu vera óháðir þeim svæðum sem endurskoða á nema slíkt sé óhagkvæmt vegna stærðar og eðlis félagsins.
- 12.5. Niðurstöður endurskoðana og endurmats skulu kynntar þeim starfsmönnum sem bera ábyrgð á viðkomandi svæði.
- 12.6. Þeir umsjónarmenn, sem bera ábyrgð á viðkomandi svæði, skulu í tíma gera úrbætur þar sem misbrestur hefur orðið.

B-HLUTI — VOTTUN OG SANNNPRÓFUN

13. **Vottun og reglubundin sannprófun**
- 13.1. Félaginu, sem hefur fengið útgefið samræmingarskjal eða bráðabirgðasamræmingarskjal í samræmi við lið 14.1, er lýtur að skipinu, ber að sjá um rekstur skipsins.
- 13.2. Samræmingarskjalið skal stjórnvaldið, stofnun, sem stjórnvaldið viðurkennir, eða, að beiðni stjórnvaldsins, önnur ríkisstjórn sem aðild á að samningnum gefa út og það skal gefið út fyrir hvert það félag sem fullnægir kröfum þessa kóða og skal stjórnvaldið tilgreina gildistíma þess sem skal ekki vera lengri en fimm ár. Umrátt skjal telst vera sönnun þess að félagið sé fært um að fylgja þessum kóða.
- 13.3. Samræmingarskjalið gildir eingöngu fyrir þær gerðir skipa sem beinlínis eru tilgreindar í skjalinu. Miða ber slíka tilgreiningu við þær gerðir skipa sem fyrsta sannprófunin miðaðist við. Öðrum gerðum skipa skal eingöngu bæta við eftir að sannreynt hefur verið að félagið getur farið að þeim kröfum þessa kóða sem eiga við um slíkar gerðir skipa. Í þessu samhengi er um að ræða þær gerðir skipa sem um getur í reglu IX/1 í samningnum.
- 13.4. Á hverju ári, innan þriggja mánaða fyrir eða eftir hina árlegu dagsetningu, skal stjórnvaldið, stofnun, sem stjórnvaldið viðurkennir, eða, að beiðni stjórnvaldsins, önnur samningsríkisstjórn sannprófa gildi samræmingarskjalsins.

- 13.5. Samræmingarskjalið skal annaðhvort stjórnvaldið eða, að beiðni þess, samningsríkisstjórnin, sem gaf skjalið út, afturkalla þegar ekki er óskað eftir þeirri árlegu sannpröfun sem krafist er í lið 13.4 eða ef ljóst er að um gróft frávik er að ræða frá þessum kóða.
- 13.5.1. Einnig ber að afturkalla öll öryggisstjórnunarskírteini og/eða bráðabirgðaöryggisstjórnunarskírteini sem tengjast samræmingarskjalinu ef samræmingarskjalið er afturkallað.
- 13.6. Afrit af samræmingarskjalinu skal vera um borð svo að skipstjóri geti, sé þess óskað, framvísað því við sannpröfun stjórnvalds eða stofnunar, sem það viðurkennir, eða vegna eftirlitsins sem um getur í reglu IX/6.2 í samningnum. Þess er ekki krafist að afrit skjalsins sé staðfest eða vottað.
- 13.7. Stjórnvaldið, stofnun, sem stjórnvaldið viðurkennir, eða, að beiðni stjórnvaldsins, önnur samningsríkisstjórn skal gefa út öryggisstjórnunarskírteinið fyrir skip og gildir það í fimm ár hið lengsta. Gefa ber út öryggisstjórnunarskírteinið eftir að sannprófað hefur verið að félagið og skipsstjórn þess starfi í samræmi við viðurkennda öryggisstjórnunarkerfið. Slíkt skírteini telst vera sönnun þess að félagið sé fært um að fara að þessum kóða.
- 13.8. Stjórnvaldið, stofnun, sem stjórnvaldið viðurkennir, eða, að beiðni stjórnvaldsins, önnur samningsríkisstjórn skal framkvæma a.m.k. eina millisannpröfun á gildi öryggisstjórnunarskírteinisins. Ef einungis er framkvæmd ein millisannpröfun og gildistími öryggisstjórnunarskírteinisins er fimm ár ber að framkvæma sannpröfunina milli annarrar og þriðju árlegrar dagsetningar öryggisstjórnunarskírteinisins.
- 13.9. Auk þess sem krafist er í lið 13.5.1 ber stjórnvaldinu eða, að beiðni þess, samningsríkisstjórninni, sem gaf öryggisstjórnunarskírteinið út, að afturkalla það ef ekki er óskað eftir þeirri millisannpröfun sem krafist er í lið 13.8 eða ef ljóst er að um gróft frávik er að ræða frá þessum kóða.
- 13.10. Ef endurnýjunarsannpröfun lýkur seinna en þremur mánuðum fyrir þann dag þegar eldra samræmingarskjalið eða öryggisstjórnunarskírteinið fellur úr gildi telst nýja samræmingarskjalið eða nýja öryggisstjórnunarskírteinið gilt, þrátt fyrir kröfurnar í lið 13.2 og 13.7, frá þeim degi er endurnýjunarsannpröfun lýkur og gildir það í mesta lagi í fimm ár frá þeim degi er eldra samræmingarskjalið eða öryggisstjórnunarskírteinið fellur úr gildi.
- 13.11. Ef endurnýjunarsannpröfun lýkur fyrr en þremur mánuðum fyrir þann dag þegar eldra samræmingarskjalið eða öryggisstjórnunarskírteinið fellur úr gildi telst nýja samræmingarskjalið eða nýja öryggisstjórnunarskírteinið gilt frá þeim degi er endurnýjunarsannpröfun lýkur og gildir það í mesta lagi í fimm ár frá þeim degi.
14. **Bráðabirgðavottun**
- 14.1. Heimilt er að gefa út bráðabirgðasamræmingarskjal til að gera það auðveldara að hefja framkvæmd þessa kóða:
- 1) ef félagið er nýstofnað, eða
 - 2) ef bæta skal nýjum gerðum skipa í eldra samræmingarskjal,
- eftir að sannprófað hefur verið að viðkomandi félag hafi yfir að ráða öryggisstjórnunarkerfi, sem uppfyllir ákvæði liðar 1.2.3 í þessum kóða, að því tilskildu að félagið sýni fram á að það hafi áætlun um framkvæmd öryggisstjórnunarkerfis sem uppfyllir að fullu kröfur í þessum kóða á gildistíma bráðabirgðasamræmingarskjalsins. Stjórnvaldið, stofnun, sem stjórnvaldið viðurkennir, eða, að beiðni stjórnvaldsins, önnur samningsríkisstjórn skal gefa út slíkt bráðabirgðasamræmingarskjal og gildir það fyrir tímabil sem ekki má vera lengra en 12 mánuðir. Afrit af bráðabirgðasamræmingarskjalinu skal vera um borð svo að skipstjóri geti, sé þess óskað, framvísað því við sannpröfun stjórnvalds eða stofnunar, sem það viðurkennir eða vegna eftirlitsins sem um getur í reglu IX/6.2 í samningnum. Þess er ekki krafist að afrit skjalsins sé staðfest eða vottað.
- 14.2. Heimilt er að gefa út bráðabirgðaöryggisstjórnunarskírteini:
- 1) fyrir ný skip við afhendingu,
 - 2) þegar félag tekur á sig ábyrgð á rekstri skips sem telst nýtt að því er félagið varðar, eða
 - 3) þegar skip skiptir um fána.
- Stjórnvaldið, stofnun, sem stjórnvaldið viðurkennir, eða, að beiðni stjórnvaldsins, önnur samningsríkisstjórn skal gefa út slíkt bráðabirgðaöryggisstjórnunarskírteini og gildir það í sex mánuði hið lengsta.
- 14.3. Í sérstökum tilvikum má stjórnvald eða önnur samningsríkisstjórn, að beiðni stjórnvaldsins, framlengja gildistíma bráðabirgðaöryggisstjórnunarskírteinis um tímabil, sem ekki skal vera lengra en sex mánuðir, frá þeim degi að telja er það fellur úr gildi.


- 14.4. Heimilt er að gefa út bráðabirgðaöryggisstjórnunarskírteini eftir að sannprófað hefur verið að:
- 1) samræmingarskjalið eða bráðabirgðasamræmingarskjalið varði skipið sem um er að ræða,
 - 2) öryggisstjórnunarkerfið, sem félagið lætur í té fyrir viðkomandi skip, innihaldi helstu grunnþætti þessa kóða og hafi verið metið við úttekt vegna útgáfu samræmingarskjalsins eða kynnt vegna útgáfu bráðabirgðasamræmingarskjalsins,
 - 3) félagið hafi gert áætlanir um úttekt á skipinu innan þriggja mánaða,
 - 4) skipstjórinn og yfirmenn þekki öryggisstjórnunarkerfið og fyrir fram ákveðið skipulag því til framkvæmdar,
 - 5) búið sé að gefa þau fyrirmæli sem talið er nauðsynlegt að séu gefin áður en siglt er, og
 - 6) viðeigandi upplýsingar um öryggisstjórnunarkerfið hafi verið veittar á vinnutungumáli eða -málum sem áhöfn skipsins skilur.
15. **Sannprófun**
- 15.1. Allar sannprófanir, sem krafist er samkvæmt ákvæðum þessa kóða, skulu framkvæmdar í samræmi við verklagsreglur sem stjórnvaldið samþykkir, að teknu tilliti til viðmiðunarreglna sem unnar eru á vegum stofnunarinnar ⁽¹⁾.
16. **Eyðublið fyrir skírteini**
- 16.1. Útbúa ber samræmingarskjalið, öryggisstjórnunarskírteinið, bráðabirgðasamræmingarskjalið og bráðabirgðaöryggisstjórnunarskírteinið samkvæmt þeim fyrirmyndum sem eru settar fram í viðbætinum við þennan kóða. Ef tungumálið, sem notað er, er hvorki enska né franska þarf textinn einnig að vera þýddur á annað hvort þessara mála.
- 16.2. Auk þess sem krafist er í lið 13.3 getur áritun fyrir þær gerðir skipa, sem koma fram í samræmingarskjalinu og bráðabirgðasamræmingarskjalinu, endurspeglað hvers konar takmarkanir á rekstri skipanna sem lýst er í öryggisstjórnunarkerfinu.
-

⁽¹⁾ Sjá viðmiðunarreglur fyrir stjórnvöld um beitingu alþjóðlega kóðans um öryggisstjórnun skipa (ISM-kóðans) sem stofnunin samþykkti með ályktun A. 913(22).

Viðbætur

Eyðublað fyrir samræmingarskjöl, öryggisstjórnunarskírteini, bráðabirgðasamræmingarskjöl og bráðabirgðaöryggisstjórnunarskírteini

SAMRÆMINGARSKJAL



(Opinbert innsigli)

.....
(Ríki)

Númer skírteinis:

Gefið út samkvæmt ákvæðum ALÞJÓÐASAMNINGSINS UM ÖRYGGI MANNSLÍFA Á HAFINU frá 1974 með áorðnum breytingum

Samkvæmt heimild ríkisstjórnar
(Heiti ríkis)

af
(Viðurkenndur einstaklingur eða stofnun)

Nafn og heimilisfang félags
(Sjá lið 1.1.2 í ISM-kóðanum)

HÉR MED VOTTAST að gerð hefur verið úttekt á öryggisstjórnunarkerfi félagsins og að það uppfyllir kröfur alþjóðlega kóðans um öryggisstjórnun skipa og mengunarvarnir (ISM-kóðans) að því er varðar þær gerðir skipa sem taldar eru upp hér á eftir (strikið út þar sem við á):

Farþegaskip

Háhraðaför sem flytja farþega

Háhraðaför til vöruflutninga

Búlkaskip

Olíuflutningaskip

Efnaflutningaskip

Gasflutningaskip


Færanlegar, haffærar boreiningar

Önnur vöruflutningaskip

Samræmingarskjal þetta gildir til með fyrirvara um reglubundna sannpröfun.

Gefið út í:
(Útgáfustaður skjalsins)

Útgáfudagur:



(Innsigli eða stimpill útgáfufyrivalds eftir því sem við á)

.....
(Undirskrift embættismanns sem hefur fullt umboð til þess að gefa skjalið út)

Númer skírteinis:

ÁRITUN VEGNA ÁRLEGRAR SANNPÓFUNAR

HÉR MEÐ VOTTAST að við reglubundna sannpófun í samræmi við reglu IX/6.1 í samningnum og lið 13.4 í ISM-kóðanum reyndist öryggisstjórnunarkerfið vera í samræmi við kröfur ISM-kóðans.

Fyrsta árlega sannpófun

Undirskrift:
(Undirskrift viðurkennds embættismanns)

Staður:

Dags.:

Önnur árlega sannpófun

Undirskrift:
(Undirskrift viðurkennds embættismanns)

Staður:

Dags.:

Þriðja árlega sannpófun

Undirskrift:
(Undirskrift viðurkennds embættismanns)

Staður:

Dags.:


Fjórvða árlega sannpófun

Undirskrift:
(Undirskrift viðurkennds embættismanns)

Staður:

Dags.:

ÖRYGGISSTJÓRNUNARSKÍRTEINI



(Opinbert innsigli)

(Ríki)

Númer skirteinis:

Gefið út samkvæmt ákvæðum ALÞJÓÐASAMNINGSINS UM ÖRYGGI MANNSLÍFA Á HAFINU frá 1974 með áorðnum breytingum

Samkvæmt heimild ríkisstjórnar
(Heiti ríkis)

af
(Viðurkenndur einstaklingur eða stofnun)

Nafn skips

Einkennisnúmer eða einkennisstafir:

Heimahöfn:

Gerð skips (*):

Brúttótonnataka:

IMO-númer:

Nafn og heimilisfang félags:
(Sjá lið 1.1.2 í ISM-kóðanum)

HÉR MEÐ VOTTAST að gerð hefur verið úttekt á öryggisstjórnunarkerfi skipsins og að það uppfyllir kröfur alþjóðlega kóðans um öryggisstjórnun skipa og mengunarvarnir (ISM-kóðans) að undangenginni sannpröfun á því að samræmingarskjal félagsins gildir að því er varðar þessa gerð skipa.

Öryggisstjórnunarskirteini þetta gildir til
með fyrirvara um reglubundna sannpröfun og að samræmingarskjalið sé í gildi.

Gefið út í:
(Útgáfustaður skjalsins)

Útgáfudagur:



(Innsigli eða stimpill útgáfufyrvalds
eftir því sem við á)

(Undirskrift embættismanns sem hefur fullt umboð til þess að gefa skirteinið út)

(*) Hér á að færa inn eina af eftirfarandi gerðum skipa: Farþegaskip, háhraðaför sem flytja farþega, háhraðaför til vöruflutninga, bulkaskip, olíuflutningaskip, efnaflutningaskip, gasflutningaskip, færanlegar, haffærar boreiningar, önnur vöruflutningaskip.

Númer skirteinis:

**ÁRITUN VEGNA MILLISANNPRÓFUNAR OG VIÐBÓTARSANNPRÓFUNAR
(EF HENNA ER KRAFIST)**

HÉR MEÐ VOTTAST að við reglubundna sannprófun í samræmi við reglu IX/6.1 í samningnum og lið 13.8 í ISM-kóðanum reyndist öryggisstjórnunarkerfið vera í samræmi við kröfur í ISM-kóðanum.

Áfangasannprófun:
(skal framkvæmd milli annarrar
og þriðju árlegu dagsetningarinnar)

Undirskrift:
(Undirskrift viðurkennds embættismanns)

Staður:

Dags.:

Viðbótarsannprófun (*)

Undirskrift:
(Undirskrift viðurkennds embættismanns)

Staður:

Dags.:

Viðbótarsannprófun (*)

Undirskrift:
(Undirskrift viðurkennds embættismanns)

Staður:

Dags.:

Viðbótarsannprófun (*)


Undirskrift:
(Undirskrift viðurkennds embættismanns)

Staður:

Dags.:

(*) Ef við á. Vísað er í lið 3.2.3 í viðmiðunarreglum fyrir stjórnvöld um beitingu alþjóðlega kóðans um öryggisstjórnun skipa (ISM-kóðans) (ályktun A. 913 (229)).

BRÁÐABIRGÐASAMRÆMINGARSKJAL



(Opinbert innsigli)

(Ríki)

Númer skírteinis:

Gefið út samkvæmt ákvæðum ALÞJÓÐASAMNINGSINS UM ÖRYGGI MANNSLÍFA Á HAFINU frá 1974 með áorðnum breytingum

Samkvæmt heimild ríkisstjórnar
(Heiti ríkis)

af
(Viðurkenndur einstaklingur eða stofnun)

Nafn og heimilisfang félags
.....
(Sjá lið 1.1.2 í ISM-kóðanum)

HÉR MEÐ VOTTAST að öryggisstjórnarkerfi félagsins er viðurkennt með tilliti til þess að það uppfyllir ákvæði liðar 1.2.3 í alþjóðlega kóðanum um öryggisstjórnun skipa og mengunarvarnir (ISM-kóðanum) að því er varðar þær gerðir skipa sem taldar eru upp hér á eftir (strikið út þar sem við á):

Farþegaskip

Háhraðaför sem flytja farþega

Háhraðaför til vöruflutninga

Búlkaskip

Olíuflutningaskip

Efnaflutningaskip

Gasflutningaskip


Færanlegar, haffærar boreiningar

Önnur vöruflutningaskip

Bráðabirgðasamræmingarskjal þetta gildir til

Gefið út í:
(Útgáfustaður skjalsins)


Útgáfudagur:



(Undirskrift embættismanns sem hefur fullt umboð til þess að gefa skjalið út)

(Innsigli eða stimpill útgáfufyrirvalds
eftir því sem við á)

BRÁÐABIRGÐAÖRYGGISSTJÓRNUNARSKIRTEINI



(Opinbert innsigli)

.....
(Ríki)

Númer skirteinis:

Gefið út samkvæmt ákvæðum ALÞJÓÐASAMNINGSINS UM ÖRYGGI MANNSLÍFA Á HAFINU frá 1974 með áorðnum breytingum

Samkvæmt heimild ríkisstjórnar
(Heiti ríkis)

af
(Viðurkenndur einstaklingur eða stofnun)

Nafn skips:

Einkennisnúmer eða einkennisstafir:

Heimahöfn:

Gerð skips (*):

Brúttótonnataka:

IMO-númer:


Nafn og heimilisfang félags:
.....
(Sjá lið 1.1.2 í ISM-kóðanum)

HÉR MEÐ VOTTAST að kröfum í lið 14.4 í ISM-kóðanum hefur verið fullnægt og að samræmingarskjal /bráðabirgðasamræmingarskjal (**) félagsins á við um þetta skip.

Bráðabirgðaöryggisstjórnunarskirteini þetta gildir til
að því tilskildu að samræmingarskjalið/bráðabirgðasamræmingarskjalið (**) sé í gildi.

Gefið út í:
(Útgáfustaður skjalsins)

Útgáfudagur:



(Innsigli eða stimpill útgáfufyrivalds
eftir því sem við á)


.....
(Undirskrift embættismanns sem hefur fullt umboð til þess að gefa skirteinið út)

(*) Hér á að færa inn eina af eftirfarandi gerðum skipa: Farþegaskip, háhraðaför sem flytja farþega, háhraðaför til vöruflutninga, búlkaskip, olíuflutningaskip, efnaflutningaskip, gasflutningaskip, færanlegar, haffærar boreiningar, önnur vöruflutningaskip.
(**) Strikið yfir það sem ekki á við.

Númer skírteinis:

Gildistími þessa bráðabirgðaöryggisstjórnunarskírteinis er framlengdur til:.....

Dagsetning framlengingar:



(Innsigli eða stimpill útgáfufirvalds
eftir því sem við á)

.....
(Undirskrift embættismanns sem hefur fullt umboð til þess að framlengja gildistímann)

II. BÁLKUR

Ákvæði fyrir stjórnvöld um framkvæmd alþjóðlega kóðans um öryggisstjórnun skipa (ISM-kóðans)

A-HLUTI — ALMENN ÁKVÆÐI

- 1.1. Við framkvæmd sannprófana og vottunar, sem krafist er samkvæmt ákvæðum ISM-kóðans um ekjuferjur, skulu aðildarríkin fara að kröfum og stöðlum sem mælt er fyrir um í B-hluta þessa bálks.
- 1.2. Að auki skulu aðildarríkin taka tilhlýðilegt tillit til ákvæða endurskoðaðra viðmiðunarreglna fyrir stjórnvöld um beitingu alþjóðlega kóðans um öryggisstjórnun skipa (ISM-kóðans), sem Alþjóðasiglingamálastofnunin samþykkti 29. nóvember 2001 með ályktun A.913 (22), að svo miklu leyti sem ekki er fjallað um þau í B-hluta þessa bálks.

B-HLUTI — VOTTUN OG STAÐLAR

1. Samþykki og viðurkenning bráðabirgðasamræmingarskjals og bráðabirgðaöryggisstjórnunarskírteinis.
 - 1.1. Sérhvert aðildarríki skal samþykkja bráðabirgðasamræmingarskjal og bráðabirgðaöryggisstjórnunarskírteini sem eru í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar og stjórnvald í öðru aðildarríki eða viðurkennd stofnun í umboði þess gefur út.
 - 1.2. Aðildarríki skal viðurkenna bráðabirgðasamræmingarskjal og bráðabirgðaöryggisstjórnunarskírteini, sem stjórnvöld í þriðju löndum gefa út eða eru gefin út í umboði þeirra, ef það hefur gengið úr skugga um að þau séu í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar.

2. Vottunaraðferð

- 2.1. Beita ber vottunaraðferðinni, sem við á þegar gefa á út samræmingarskjal fyrir félag og öryggisstjórnunarskírteini fyrir ekjuferju, í samræmi við ákvæðin sem sett eru fram hér að aftan.
- 2.2. Vottunaraðferðin felst að öllu jöfnu í eftirtöldum þrepum:
 - 1) fyrsta sannprófun,
 - 2) árleg sannprófun eða millisannprófun,
 - 3) endurnýjunarsannprófun, og
 - 4) viðbótarsannprófun.

Þessar sannprófanir eru framkvæmdar að beiðni félagsins til stjórnvalds eða viðurkenndrar stofnunar sem starfar í umboði stjórnvaldsins.

- 2.3. Í sannprófuninni skal felast úttekt á öryggisstjórnuninni.
- 2.4. Útnefna ber yfirúttektarmann og, ef við á, hóp úttektarmanna til þess að annast úttektina.
- 2.5. Útnefndi yfirúttektarmaðurinn skal hafa samráð með félaginu og leggja fram úttektaráætlun.
- 2.6. Semja ber úttektarskýrslu undir stjórn yfirúttektarmannsins sem ábyrgist að hún sé nákvæm og fullnægjandi.
- 2.7. Í úttektarskýrslunni komi fram úttektaráætlun, hverjir mynda hóp úttektarmanna, dagsetningar og um hvaða félag er að ræða, skýrslur um allar athugasemdir og frávík og athugasemdir um skilvirkni öryggisstjórnunarkerfisins með tilliti til þeirra tilteknu markmiða sem stefnt er að.


3. Stjórnunarkröfur

- 3.1. Úttektarmenn eða hópur úttektarmanna, sem stjórnar sannprófun á því hvort ISM-kóðinn sé virtur, skulu vera hæfir með tilliti til:
 - 1) þess að tryggja að farið sé að reglum og reglugerðum, m.a. að því er varðar útgáfu skírteina fyrir sjófarendur á ekjuferjum sem félagið rekur,
 - 2) starfsemi á sviði viðurkenningar, skoðunar og vottunar siglingaskírteina,

- 3) þeirra viðmiðana sem taka ber tillit til samkvæmt öryggisstjórnunarkerfinu eins og ISM-kóðinn mælir fyrir um, og
 - 4) hagnýtrar reynslu af rekstri skipa.
- 3.2. Þegar sannprófa á hvort ákvæðum ISM-kóðans sé fylgt skal ganga úr skugga um að starfsmenn, sem láta í té þjónustu á sviði ráðgjafar, séu óháðir þeim sem starfa við vottunina.
4. **Hæfniskröfur**
- 4.1. Grunnkröfur sem ber að uppfylla til þess að teljast hæfur til að framkvæma sannprófun
- 4.1.1. Starfsmenn, sem taka þátt í því að sannprófa hvort kröfur ISM-kóðans séu uppfylltar, skulu fullnægja lágmarksviðmiðunum sem gilda um skoðunarmenn eins og mælt er fyrir um í 2. lið VII. viðauka við tilskipun ráðsins 95/21/EB ⁽¹⁾.
- 4.1.2. Þeir skulu hafa fengið hjálfun sem tryggir að þeir séu hæfir til þess að sannprófa hvort kröfur í ISM-kóðanum hafi verið uppfylltar, einkum með tilliti til:
- 1) þekkingar og skilnings á ISM-kóðanum,
 - 2) lögboðinna reglna og reglugerða,
 - 3) þeirra viðmiðana sem mælt er fyrir um í ISM-kóðanum að félögum beri að fara eftir,
 - 4) matsaðferða við rannsóknir, fyrirsurnir, matsgerð og skýrslugerð,
 - 5) tæknilegra og rekstrarlegra þátta öryggisstjórnunar,
 - 6) grundvallarþekkingar á siglingum og aðgerðum um borð, og
 - 7) þátttöku í a.m.k. einni úttekt á öryggisstjórnun sem tengist siglingum.
- 4.2. Kröfur sem ber að uppfylla til þess að teljast hæfur til að framkvæma fyrstu sannprófun og endurnýjunarsannprófun
- 4.2.1. Til þess að unnt sé að meta að fullu hvort viðkomandi félag eða ekjuferja uppfylli kröfur ISM-kóðans, til viðbótar grunnkröfunum sem settar eru fram hér að framan, skulu starfsmenn, sem eiga að framkvæma fyrstu sannprófun og endurnýjunarsannprófun vegna samræmingarskjals og öryggisstjórnunarskírteinis, vera hæfir til þess að:
- 1) segja til um hvort þættir öryggisstjórnunarkerfisins (SMS) samræmist kröfunum, sem settar eru fram í ISM-kóðanum, eða ekki,
 - 2) segja til um hvort öryggisstjórnunarkerfi viðkomandi félags eða ekjuferju sé nægilega skilvirkt til þess að tryggja að farið sé að reglum og reglugerðum með skirskotun til lögboðinna skoðunarskýrslna og skoðunarskýrslna vegna flokkunar,
 - 3) meta að hve miklu leyti öryggisstjórnunarkerfið tryggir að farið sé að öðrum reglum og reglugerðum, sem lögboðnar skoðunarskýrslur og skoðunarskýrslur vegna flokkunar taka ekki til, og að sannprófun þess að farið sé að þessum reglum og reglugerðum geti farið fram, og
 - 4) meta hvort tekið hafi verið mið af þeim öruggu vinnureglum sem Alþjóðasiglingamálastofnunin (IMO), stjórnvöld, flokkunarfélög og siglingastofnanir mæla með.
- 4.2.2. Ef hópur starfsmanna uppfyllir sem heild allar settar hæfniskröfur telst hæfniskröfunum fullnægt.
5. **Fyrirmyndir að samræmingarskjölum og öryggisstjórnunarskírteinum**
- Ef ekjuferjur eru eingöngu starfræktar innan aðildarríkis skulu aðildarríki annaðhvort nota eyðublöðin, sem fylgja ISM-kóðanum, eða samræmingarskjal, öryggisstjórnunarskírteini og bráðabirgðaöryggisstjórnunarskírteini, útbúin samkvæmt fyrirmyndunum hér á eftir.

⁽¹⁾ Stjóð. EB L 157, 7.7.1995, bls. 1.

SAMRÆMINGARSKJAL



(Opinbert innsigli)

(Ríki)

Gefið út samkvæmt ákvæðum ALÞJÓÐASAMNINGSINS UM ÖRYGGI MANNSLÍFA Á HAFINU frá 1974 með áorðnum breytingum og (*) reglugerðar ráðsins (EB) nr. 3051/95 um öryggisstjórnun á ekjufarþegaferjum

Samkvæmt heimild ríkisstjórnar
(Heiti ríkis)

af
(Viðurkenndur einstaklingur eða stofnun)

Nafn og heimilisfang félags
.....
(Sjá lið 1.1.2 í ISM-kóðanum)

HÉR MEÐ VOTTAST að gerð hefur verið úttekt á öryggisstjórnunarkerfi félagsins og að það uppfyllir kröfur alþjóðlega kóðans um öryggisstjórnun skipa og mengunarvarmir (ISM-kóðans) að því er varðar þær gerðir skipa sem taldar eru upp hér á eftir (strikið út þar sem við á):

Farþegaskip

Háhraðaför sem flytja farþega

Háhraðaför til vöruflutninga

Búlkaskip

Oliuflutningaskip

Efnaflutningaskip

Gasflutningaskip

Færanlegar, haffærar boreiningar


Önnur vöruflutningaskip

Ekjufarþegaferjur

Samræmingarskjal þetta gildir til með fyrirvara um reglubundna sannpröfun.

Gefið út í:
(Útgáfustaður skjalsins)

Útgáfudagur:



(Innsigli eða stimpill útgáfufyrirvalds
eftir því sem við á)

.....
(Undirskrift embættismanns sem hefur fullt umboð til þess að gefa skjalið út)

(*) Má fella brott þegar um er að ræða skip sem eingöngu eru í ferðum innan eins aðildarríkis.

ÁRITUN VEGNA ÁRLEGRAR SANNPRÓFUNAR

HÉR MEÐ VOTTAST að við reglubundna sannprófun í samræmi við reglu IX/6.1 í samningnum og lið 13.4 í ISM-kóðanum og (*) 3. mgr. 5. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 3051/95 um öryggisstjórnun á ekjufarþegaferjum reyndist öryggisstjórnunarkerfið vera í samræmi við kröfur í ISM-kóðanum.

Fyrsta árlega sannprófun

Undirskrift:
(Undirskrift viðurkennds embættismanns)

Staður:

Dags.:

Önnur árlega sannprófun

Undirskrift:
(Undirskrift viðurkennds embættismanns)

Staður:

Dags.:

Þriðja árlega sannprófun

Undirskrift:
(Undirskrift viðurkennds embættismanns)

Staður:

Dags.:

Fjórða árlega sannprófun


Undirskrift:
(Undirskrift viðurkennds embættismanns)

Staður:

Dags.:

(*) Má fella brott þegar um er að ræða skip sem eingöngu eru í ferðum innan eins aðildarríkis.

ÖRYGGISSTJÓRNUNARSKÍRTEINI



(Opinbert innsigli)

(Ríki)

Gefið út samkvæmt ákvæðum ALÞJÓÐASAMNINGSINS UM ÖRYGGI MANNSLÍFA Á HAFINU frá 1974 með áorðnum breytingum og (*) reglugerð ráðsins (EB) nr. 3051/95 um öryggisstjórnun á ekjufarþegaferjum

Samkvæmt heimild ríkisstjórnar
(Heiti ríkis)

af
(Viðurkenndur einstaklingur eða stofnun)

Nafn skips:

Einkennisnúmer eða einkennisstafir:

Heimahöfn:

Gerð skips (**):

Brúttótonnataka:

IMO-númer:


Nafn og heimilisfang félags:
.....
(Sjá lið 1.1.2 í ISM-kóðanum)

HÉR MEÐ VOTTAST að gerð hefur verið úttekt á öryggisstjórnarkerfi félagsins og að það uppfyllir kröfur í alþjóðlega kóðanum um öryggisstjórnun skipa og mengunarvarnir (ISM-kóðans) að undangenginni sannprófun á því að samræmingarskjal félagsins á við um þessa gerð skipa.

Öryggisstjórnunarskírteini þetta gildir til, með fyrirvara um reglulega sannprófun og að samræmingarskjalið sé í gildi.

Gefið út í:
(Útgáfustaður skjalsins)

Útgáfudagur:



(Innsigli eða stimpill útgáfufyrirvalds eftir því sem við á)

.....
(Undirskrift embættismanns sem hefur fullt umboð til þess að gefa skírteinið út)

(*) Má fella brott þegar um er að ræða skip sem eingöngu eru í ferðum innan eins aðildarríkis.

(**) Hér á að færa inn eina af eftirfarandi gerðum skipa: Farþegaskip, háhraðaför sem flytja farþega, háhraðaför til vöruflutninga, búlkaskip, oliuflutningaskip, efnaflutningaskip, gasflutningaskip, feranlegar, haffærar boreiningar, önnur vöruflutningaskip, ekjufarþegaferjur.

ÁRITUN VEGNA MILLISANNPRÓFUNAR OG VIÐBÓTARSANNPRÓFUNAR (EF HENNAR ER KRAFIST)

HÉR MEÐ VOTTAST að við reglubundna sannprófun í samræmi við reglu IX/6.1 í samningnum og lið 13.8 í ISM-kóðanum og (*) 4. mgr. 5. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 3051/95 um öryggisstjórnun á skjufarþegaferjum reyndist öryggisstjórnunarkerfið vera í samræmi við kröfur í ISM-kóðanum.

Millisannprófun
(skal framkvæmd milli annarrar
og þriðju árlegu dagsetningarinnar)

Undirskrift:
(Undirskrift viðurkennds embættismanns)

Staður:

Dags.:

Viðbótarsannprófun ()**

Undirskrift:
(Undirskrift viðurkennds embættismanns)

Staður:

Dags.:

Viðbótarsannprófun ()**

Undirskrift:
(Undirskrift viðurkennds embættismanns)

Staður:

Dags.:

Viðbótarsannprófun ()**

Undirskrift:
(Undirskrift viðurkennds embættismanns)


Staður:

Dags.:

(*) Má fella brott þegar um er að ræða skip sem eingöngu eru í ferðum innan eins aðildarríkis.

(**) Ef við á. Vísað er í lið 13.8 í ISM-kóðanum.

BRÁÐABIRGÐASAMRÆMINGARSKJAL



(Opinbert innsigli)

(Ríki)

Gefið út samkvæmt ákvæðum ALÞJÓÐASAMNINGSINS UM ÖRYGGI MANNSLÍFA Á HAFINU frá 1974 með áorðnum breytingum og (*) reglugerðar ráðsins (EB) nr. 3051/95 um öryggisstjórnun á ekjufarþegaferjum

Samkvæmt heimild ríkisstjórnar
(Heiti ríkis)

af
(Viðurkenndur einstaklingur eða stofnun)

Nafn og heimilisfang félags
(Sjá lið 1.1.2 í ISM-kóðanum)

HÉR MEÐ VOTTAST að öryggisstjórnunarkerfi félagsins er viðurkennt með tilliti til þess að það uppfyllir ákvæði liðar 1.2.3 í alþjóðlega kóðanum um öryggisstjórnun skipa og mengunarvarnir (ISM-kóðanum) að því er varðar þær gerðir skipa sem taldar eru upp hér á eftir (strikið út þar sem við á):

Farþegaskip

Háhraðaför sem flytja farþega

Háhraðaför til vöruflutninga

Búlkaskip

Oliuflutningaskip

Efnaflutningaskip

Gasflutningaskip

Færanlegar, haffærar boreiningar


Önnur vöruflutningaskip

Ekjufarþegaferjur

Bráðabirgðasamræmingarskjal þetta gildir til

Gefið út í:
(Útgáfustaður skjalsins)

Útgáfudagur:




(Innsigli eða stimpill útgáfufyrirvalds
eftir því sem við á)

(Undirskrift embættismanns sem hefur fullt umboð til þess að gefa skjalið út)

(*) Má fella brott þegar um er að ræða skip sem eingöngu eru í ferðum innan eins aðildarríkis.

BRÁÐABIRGÐAÖRYGGISSTJÓRNUNARSKÍRTEINI



(Opinbert innsigli)

(Ríki)

Gefið út samkvæmt ákvæðum ALÞJÓÐASAMNINGSINS UM ÖRYGGI MANNSLÍFA Á HAFINU frá 1974 með áorðnum breytingum og (*) reglugerð ráðsins (EB) nr. 3051/95 um öryggisstjórnun á ekjufarþegaferjum

Samkvæmt heimild ríkisstjórnar
(Heiti ríkis)

af
(Viðurkenndur einstaklingur eða stofnun)

Nafn skips:

Einkennisnúmer eða einkennisstafir:

Heimahöfn:

Gerð skips (**):

Brúttótonnataka:

IMO-númer:

Nafn og heimilisfang félags:


(Sjá lið 1.1.2 í ISM-kóðanum)

HÉR MEÐ VOTTAST að kröfum í lið 14.4 í ISM-kóðanum hefur verið fullnægt og að samræmingarskjal /bráðabirgðasamræmingarskjal (**) félagsins á við um þetta skip.

Bráðabirgðaöryggisstjórnunarskírteini þetta gildir til ,
að því tilskildu að samræmingarskjalið eða bráðabirgðasamræmingarskjalið (***) sé í gildi.

Gefið út í:
(Útgáfustaður skjalsins)

Útgáfudagur:



(Undirskrift embættismanns sem hefur fullt umboð til þess að gefa skírteinið út)

(Innsigli eða stimpill útgáfufyrirvalds
eftir því sem við á)

(*) Má fella brott þegar um er að ræða skip sem eingöngu eru í ferðum innan eins aðildarríkis.

(**) Hér á að færa inn eina af eftirfarandi gerðum skipa: Farþegaskip, háhraðaför sem flytja farþega, háhraðaför til vöruflutninga, búlkaskip, olíuflutningaskip, efnaflutningaskip, gasflutningaskip, feranlegar, haffærar borðningar, önnur vöruflutningaskip, ekjufarþegaferjur.


(***) Stríkið yfir það sem á ekki við.

Nr. 775

2. september 2004

Gildistími þessa bráðabirgðaöryggisstjórnunarskrteinis er framlengdur til:

Dagsetning framlengingar:



(Innsigli eða stimpill útgáfufirvalds
eftir því sem við á)

.....
(Undirskrift embættismanns sem hefur fullt umboð til þess að framlengja gildistímann)
